

komudagur 3.4.2002

Reykjavík 27. mars 2002

Alþingi
allsherjarnefnd

**Varðar; breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun
og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993**

Í fyrsta lagi er því mótmælt að lög um grafreiti eða legstaði, hvað þá um dreifingarstaði ösku, séu kölluð lög um kirkjugarða, því ekki **lög um grafreiti eða grafstæði**

1. gr.

a.

b. Að sjálfsögðu ber að leyfa það að ösku sé dreift í ómerkta reit, ef það hefur verið ósk hins látna. Hinsvegar stangast þetta nokkuð á við forræðishyggjuna í öðrum greinum frumvarpsins, og þó.

c. Eðlilegt er að leyfilegt skuli að dreifa ösku yfir óbyggð svæði eða sjó og styður Ásatrúarfélagið það. Hinsvegar er sett spurningamerki við það að óheimilt sé að dreifa ösku á fleiri en einn stað, og yrði þá a.m.k. að skilgreina hvað er einn staður, t.d. fermetrafjöldi. Hvað ef ösku yrði dreift úr flugvél eða yfir Golfstrauminn. Hér nær forræðishyggjan út yfir gröf og dauða. Síðan er það skráningin á dreifingarstaðnum. Hvernig í ósköpunum stendur á því að ekki má einfaldlega skrá að ösku hafi verið dreift. Sumir kjósa öskudreifingu til að hvíla á óþekktum stað. Aðrir vilja sameinast náttúrunni og/eða forfeðrum sínum í fornum átt-högum ættar sinnar, svo sem algengt var til forna, í slíkum tilfellum hafa menn ekkert á móti bautasteini, jafnvel óska hans. Það er ekkert samræmi í því að banna að dreifingarstaður sé merktur og skylda síðan að hann sé rækilega skráður. Hér mætti vitna í það sem ritað var í Austurlöndum fyrir margt löngu: "vinstri höndin veit ekki hvað sú hægri gerir".

Hvað varðar bannið við því að merkja dreifingarstað er vandséð hvernig framfylgja á slíku banni og hvaða tilgang það hefur að banna merkingu "skráðs" staðar í óbyggðum, eða á hafsbotni. Það er forn siður að reisa mönnum bautasteina, og þá ekki endilega þar sem líkamsleifar þeirra lágu, og trúi ég því ekki að óreyndu að slíkt eigi að banna með lögum. Á að skilja þetta svo, að reisa megi "brenndum" manni minnisvarða, sem öðrum, en bara ekki á "dreifingarstað"?

Eigi skulu lög ofljós; öræfi þýðir hafnleysa.

Í athugasemdum segir að dreifing öskunnar skuli fara fram með sómasamlegum hætti og er að sjálfsögðu ekki gerð athugasemd við það, en benda má á annað fornt orðtak í þessu sambandi, Rómverskt: "De gustibus non disputandum".

Það er nokkuð langsótt að láta orðið "lík" ná til jarðneskra leifa manna, og ekki má finna þessu stoð í orðabók Blöndals. Af hverju ekki ganga alla leið, fyrst verið er að breyta lögum á annað borð, og breyta "líkinu", í 24. gr. almennra hegningarlaga, í "líkamsleifar".

2. gr.

Eðlilegt væri að í 9. grein laganna stæði: Öllum söfnuðum og sóknum, með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi er heimilt að tilnefna einn mann.....o.s.frv

Í 9. grein segir enn fremur að: Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn. Þetta getur talist eðlilegt þegar svo á við að allir eða nær allir fulltrúar í stjórn eru úr sama trúfélagi, en þetta er mjög hröðum breytingum undirorpið. Væri nú ekki eðlilegt að breyta þessu, og hafa oddamanninn frá hlutlausum aðila, áður en þjóðkirkjan kemst í minnihluta, eða er alls ekki gert ráð fyrir því stjórnkerfinu.

3. gr

Í 11. gr. laganna er gert ráð fyrir því að í Kirkjugarðaráði, sem betur færi á að hétu **Skipulagsráð grafreita**, þó ekki skilji sá sem þetta ritar hversvegna skipta þarf á nefnd og ráði, ef til vill er finna að vera í ráði heldur en nefnd og þá verður að hafa það. Þá kemur að skipan ráðsins: Biskup Íslands (þjóðkirkjan 2 atkvæði); Þjóðminjavörður; fulltrúi frá Kirkjugarðasambandi Íslands (þjóðkirkjan); Samband íslenskra sveitafélaga; Kirkjubing (þjóðkirkjan), þessi skal vera fulltrúi almennings sic! . Í grafarráði þessu hefur Þjóðkirkjan því 4 atkvæði af 6. Með öðrum orðum Þjóðkirkjan ræður öllu í ráðinu og aðrir trúflokkar, eða sjónarmið, eru ekki inni í myndinni. Nú finnst u.þ.b. 87% Íslendinga þeir vera í Þjóðkirkjunni, (svo notað sé orðalag biskups Íslands í blaðagrein nýlega) þótt sú prósentu fari hraðminkandi. Væri ekki einfaldara að orða þetta þannig: fjöldmennasta trúfélag landsins skal hafa afgerandi meirihluta í ráðinu, og formann þess. Þannig væri a.m.k. hægt að láta líta svo út að einhverskonar jafnstaða ríkti á milli trúfélaga. Síðan stjórnar ráðið einnig kirkjugarðasjóði (betra væri **grafreitasjóði**), þarna er verið að hanna hagsmunaárekstur.

4,5,6 gr. Engar athugasemdir aðrar en nafnið á ráðinu.

7. gr.

Að sjálfsögðu er ekki gerð athugasemd við að Kirkjugarðsstjórnir, **grafreita-stjórnir**, fari vel með opinbert fé. Á hitt er vert að benda að í athugasemdum við 7. gr. kemur fram að nokkuð sé um að kirkjugarðsstjórnir veiti svo ríflega styrki eða lán til kirkjubygginga að skert hafi getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum með sómasamlegum hætti. Þarna er mergur málsins, ef slíkar stjórnir eru skipaðar mönnum úr einu trúfélagi kemur slíkt því miður fyrir. Af hverju að leggja slíkar gildir fyrir það ráð sem stofna skal með þessum lögum. Nú er lag til að færa löggin til nokkurs jafnréttis og breyta orðalagi þannig að stjórnnum kirkjugarða skuli vera heimilt að veita lán eða styrki til mannvirkja, sem nýtast við útfarir, ekki aðeins til kirkna.

Þótt það komi þessu máli ekki nema óbeint við, vill undirritaður benda á að Fossvogskapella, eða öllu heldur kapellur, eru opnar öllum trúfélögum og er það að sjálfsögðu hið besta mál. Þessar almennu, eða fjöltrúarlegu vistarverur, fyrir utan það að kallast kapellur, eru allar ríkulega útbúnar krossum, sem eru þar að auki naglfastir. Nú er það svo að ásatrúarmenn eru flestir hverjir ekki feimnir við krossa, enda ævaform heiðin tákni sem kirkjan hefur eignað sér, líkt og Jól og Hvítasunnu o.fl. Öðru máli gegnir þó líklega um Múslimi eða Gyðinga og sjálfsagt fleiri. Hér ber allt að sama brunni, þegar einum trúarhópi er falin einkayfirumsjón með slíkum hlutum er alltaf hætta á ákveðinni mismunum, sjálfsagt venjulega af athugunarleysi eða einfeldni.

8. gr

Sjálfsagt er það til hægðarauka að staðla stærðir grafstæða og ekki miklar athugasemdir við það að gera, þar sem allir menn rúmast innar þeirra stærðarmarkna sem sett eru. Þó skal bent á að Ásatrúarmenn leyfa að dýr, jafnvel hestar, séu heygðir með eigendum sínum, og getur þá kreppt að ef gröf er aðeins 2,5m á lengd. Einnig þetta í það minnsta ef um bátsetningu er að ræða. Stærðir duftreita gegnir öðru máli. Stærðin 75x75 cm er óþarflega rífleg þar sem duftkerin eru varla nema 25 cm í þvermál. Betur færi á því hér að stjórnnum grafreita verði heimilað at staðla duftreitastærðir, án þess að setja slíkan alþjóðarstaðal. Duftreitir Ásatrúarmanna er hringlaga og því ekki hægt um vik, að hafa einstaka reiti ferkantaða.

9., 10., 11., 12. og 13. gr. Ekki er ástæða til frekari athugasemda umfram ofanritað .

15. gr

Alþingi getur ekki framselt vald sitt til ráðherra með þessum hætti, sérstaklega þegar dómsmálaráðherra skal gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar samkv. l. nr. 78, 1997 Svona hlutir læðast inn þegar texti er unninn á tölvu, þetta á líklega einnig við um þá staðreynd að í frumvarpinu stendur: "lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002".

Ekki verður hjá því komist að mynnast á nokkrar greinar, í lögum nr. 36 frá 1993, sem ekki ráðgert að breyta samkvæmt því frumvarpi sem hér um ræðir.

2. gr l.nr.36, 1993

Nauðsynlegt er að það komi fram í lögnum að greftra skuli lík manna samkvæmt þeim sið er þeir hafa valið sér. Þetta þarf því miður að áréttu af gefnu tilefni. **Allir Íslendingar eru skráðir í Þjóðkirkjusöfnuð sama hvaða trúfélagi þeir tilheyra.** Þetta leiðir til þess að þegar menn deyja á sjúkrahúsi, eins og flestir gera, þá er sóknarprestur þeirrar sóknar sem viðkomandi var skráður í, að honum forspurðum, látinn vita. Því miður hefur það komið fyrir að aðstandendur ungra Ásatrúarmanna hafa tekið þá ákvörðun að láta útförina fara fram að Þjóðkirkjusið, og í kyrrþey. Þannig hafa prestar, sem vita að sjálfsögðu betur, greftrað menn þvert á það sem ætla mætti að væri þeirra vilji. Undirritaður hefur orðið fyrir því að vera hótað, af þjóðkirkjupresti, með málaferlum og tilvitnunum í geðrannsókn á hinum látna, til að jarða mætti viðkomandi á kristinn hátt. Ekki þóknaðist mér að sorg aðstandenda væri ýfð upp með slíkum aðgerðum og dró mig því í hlé, en ekki hugnast mér að þurfa að standa í slíku í annan tíma og skora því á allsherjarnefnd að taka af skarið og breyta 2. gr. þannig að slíkt sé að minnsta kosti gert erfðara.

2. mgr. 41. gr. l. nr. 36, 1993

Í 2. málsgrein segir: (Kirkjugarða)Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús. Á Íslandi hafa fundist nokkrir kumlategar (fornir grafreitir) því skyldi Kirkjugarðasjóði ekki vera heimilt að setja upp minnismerki þar sem hafa verið grafreitir, ekki einungis kirkjugarðar. Því er svo Kirkjugarðasjóður að merkja staði þar sem kirkjur eða bænahús stóðu áður fyrr. Af hverju ekki kirkjubyggingasjóður, þó ekki sé verið að mæla honum bót.

Virðingarfyllt

Jörmundur Ingi
allsherjargoði.

